

Fundargerð 22.11.2018

Mætt voru: Kara Lind Óskarsdóttir 10. MG, Hafþór Magnússon 9. GP, Vala Steinsdóttir, grenndarfulltrúi, Jökull Pétursson, fulltrúi foreldra, Katrín Ásta Hafsteinsdóttir fulltrúi foreldra, Ellý Erlingsdóttir fulltrúi kennara, Ólöf Kristín Einarsdóttir fulltrúi kennara og Erla Jónsóttir fulltrúi annarra starfsmanna. María Pálmadóttir skólastjóri sem stýrði fundi og Margrét Ólöf Jónsdóttir aðstoðarskólastjóri sem ritaði fundargerð.

Dagskrá fundarins:

- Fundir skólaráðs skólaárið 2018-2019
- Skólanámskráin
- Skólaping
- Önnur mál

Fundir skólaráðs skólaárið 2018-2019: María fór yfir fundaáætlun skólaráðs á skólaárinu og ekki voru gerðar athugasemdir við hana. Stefnt er því að funda einu sinni í mánuði á fimmtudögum. Skólaráðið óskar eftir að fundartími verði kl. 8:10 - 9:30 og verður komið til móts við þá ósk.

Skólanámskráin: Hún er tilbúin og komin á heimasíðuna. Farið var yfir hvernig vinnu með námskrána var hátta í skólunum. Fulltrúar voru almennt sáttir við vinnu að námskránni.

Skólapingið: Ákveðið hefur verið að halda skólaping 28. janúar með starfsfólki skólans og í framhaldi með nemendum í 6.-10. bekk og foreldum. Rætt var um hvort rétt væri að hafa ungmennin sér. Fulltrúar nemenda telja að betra væri að hafa nemendur sér. Einnig var rætt um aðkomu yngri nemenda þ.e. í 1.-5. bekk og að möguleg aðkoma þeirra væri í e.t.v. í rýnihópum.

María fór yfir skipulagið á skólapinginu. Á þinginu verða 10 hópar og 10 spurningar. Hver hópur fjallar um 3 viðfangsefni. Farið var yfir spurningarnar og komu fram tillögur að breytingum á þeim með það að markmiði að gera þær skýrari..

Önnur mál:

Fundi slitið,

Margrét Ólöf Jónsdóttir.